

Skaftafell

Fyrsti dagur

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður með reglugerð þann 23. ágúst 1968. Frá alda öðli hefur Skaftafell verið eitt af jöfuðbólum þessa lands, en sökum fjölbreytts gróðurfars og stórkostlegrar náttúrufergurðar varð sú hugmynd að veruleika, þegar tækifæri bauðst að kaupa jörðina og gera að þjóðgarði.

Flatarmál þjóðgarðsins er um 500 ferkm og innan hans er að finna flest það sem einkennir íslenskt náttúrufar s.s. skiðjökla, sandauðnir, jökulár og tæra fjallalæki auk hins gróskumikla gróðurs svo eitthvað sé nefnt. Það er því ekki úr vegi að dvelja um stund í Skaftafelli og kynnast ýmsu því sem þar er að sjá, þótt fara verði fljótt yfir sögu af skiljanlegum ástæðum.

Þegar brýrnar yfir Skeiðarársand höfðu verið byggðar árið 1974 og hringleiðin þar með opnuð, komst Skaftafell í þjóðbraut. Forráðamenn þjóðgarðsins hófust þá handa og skipulögðu aðstöðu fyrir ferðamenn, svo góða, að hún er til hreinnar fyrirmyndar og sóma fyrir þá, sem þar hafa lagt hönd að verki.

Þjóðgarðurinn er opinn öllum fótgangandi gestum. Þeir verða að hafa bækistöð við þjónustumiðstöðina. Þar er aðlaðandi tjaldsvæði, rúmgott bílastæði og þaðan skulum við hefja þá ferð um Skaftafellsheiðina, sem sjálfsagt er að fara á fyrsta degi dvalarinnar í Skaftafelli.

Frá tjaldsvæðinu göngum við upp skógi vaxnar brekkurnar og höldum okkur nærri austurbrún heiðarinnar með stefnu á Sjánargnípu, en það er klettahóll nokkuð sérstæður. Af hólnum er mjög gott útsýni yfir Skaftafellsjökulinn, en þaðan að sjá liggur hann fyrir fótum manns þversprunginn og alsettur straumgárum, en neðar blikar á lónið og Skaftafellsá, þar sem hún liðast suður sandinn. Hvergi mun vera betri aðstaða fyrir ferðamenn en einmitt hér til að virða fyrir sér skriðjökul, bæði form hans og lögun, því ekki tálmar fjarlægðin frá akveginum. Sjálfsagt er að gefa sér góðan tíma á Sjánargnípu, en er þaðan skal halda göngum við áleiðis að Kristínartindum. Þeir gnæfa við loft í norðri fjórir eða fimm talsins og setja sérkennilegan svip á þetta stórbrotna landslag. Leiðin þangað er öll á fótinn og erður að ætla sér góðan tíma. Þeir sporléttu bregða sér auðvitað á hæsta tindinn, sem er 1120 m y.s. en aðrir láta sér nægja þá tinda, sem eru nær og lægri, eða sleppa alveg fjallgöngunni og halda vestur á Skorarbrúnir. Hvaða leið sem valin er hafa þær þó eitt sameiginlegt, hið frábæra útsýni bæði yfir heiðina sjálfa og ekki síður Skeiðarársandinn og ána, sem rennur eftir honum alla leið til hafs. En í austurátt gnæfir konungur íslenskra fjalla, Öræfajökull, og er óhætt að fullyrða að óvída er hann hrikalegri eða meira ógnvekjandi til að sjá en einmitt frá Kristínartindum.

Vestan við Skaftafellsheiðina er Morsárdalurinn. Austurhlíðar hans, innarlega, heita Skorar. Frá Kristínartindum göngum við svo vestur á Skorarbrúnir og virðum Morsárdalinn og umhverfi hans fyrir okkur. Við stöndum hátt og hætt er við að marga sundli, þegar þeir líta af brúnunum og ofan í djúpan dalinn, þar sem Morsá liðast um ljósar sandeyrarnar, uns hún hverfur í fang Skeiðarár, neðar í dalnum. En í brekkunum handan dalsins er Bæjarstaðaskógur, talandi tákn um þá hörðu lífsbaráttu, sem allar lífverur hér verða að heyja við hin eyðandi náttúruöfl.

Lengra höldum við ekki að þessu sinni, heldur beinum förinni heim á leið. Skerhóll, góður útsýnisstaður, verður á leið okkar, og sjálfsagt er að stansa þar um

stund. En ekki er allt búið enn, því Svartafoss höfum við ekki enn séð. Hann er í Bæjargilinu, nokkru fyrir ofan bæjarhúsin í Skaftafelli. Flestir hafa séð fossinn á mynd, því hann hefur verið eftirlæti ljósmyndara, vegna hins sérkennilega stuðlabergs, sem fossbrúnnin og umhverfi hennar er myndað úr. Eru stuðlarnir í berginu einstakir í sinni röð, sökum formfestu og fegurðar. Telja kunnugir, að þangað hafi hönnuður Þjóðleikhússins, Guðjón Samúelsson sótt hugmyndir sínar, er hann mótaði loftið í áhorfendasal þess húss.

Frá Svartafossi er stutt leið í tjaldstað. Þó ættu menn að skreppa að hring sjánni, sem reist hefur verið fyrir otan túnið á bænum. Þar fást nánari upplýsingar um nöfn á helstu kennileitum þjóðgarðsins og þeim fjöllum sem umlykja hann. Gönguferð þessi tekur 6-7 klst, ef gengið er í rólegheitum og með hæfilegum hvíldum.

Eftir góða dvöl í tjaldstað er tilvalið að skreppa um kvöldið inn að lóninu við Skaftafellsjökulinn. Þar er margt að sjá og skoða, ekki síst ef hugað er um leið að gróðri og dýralífi í brekkunum fyrir ofan sandinn. Þar nægilegt verkefni fyrir glöggskyggnan náttúruskoðanda og tíminn er floginn burt fyrr en varir og um leið fyrsti dvalardagurinn í Skaftafelli.

(Mbl. 5. júní 1982)

Annar dagur.

Eftir að hafa varið degi í að skoða Skaftafellsheiðina er rétt að ganga næsta dag í Bæjarstaðaskóg, kynnast honum og næsta nágrenni hans.

Leiðin liggur fram hjá bæjarhúsunum í Skaftafelli og vestur heiðina. Fyrr á tímum var þrjúli í Skaftafelli og hétu bæirnir Sel, Hæðir og Bölti. Bærinn að Seli hefur verið byggður upp á vegum Þjóðminjasafnsins og er gott sýnishorn þeirra húsakynna, sem fólkið bjó við fyrir á tímum. Við förum fram hjá Skerhól og þaðan liggur leiðin niður skógi vaxnar brekkurnar áleiðis að Morsárdal. Meðfram bekkurótunum fellur Skeiðará úfin og ófrýnileg og ekki árennileg til fangbragða. Þetta svæði er kjörlendi fyrir náttúruskoðendur. Í Skaftafelli hafa fundist 210 tegundir byrkninga og blómplantna, sem vaxa villtar, að um 450 á öllu landinu, eða nærri 50%. Þar ber einna mest á þremur plöntum: bláklukku, sem vex í skógar- og grasbrekkunum, gullsteinsbrjóti á melum og klettafrú á klettasyllum. Fiðrilda- og aðrar skordýrategundir eru margar, en mesta athygli vekur, að fjöldi þeirra er af suðrænum uppruna. Í skóginum ber einnig mest á skógarþresti, þúfutittlingi og músarrindli, en hvergi álandinu er hann jafn algengur og hér. Og svo kann að vera að hagamúsinn verði á vegi okkar. Fyrrum sást hún ekki í Örafasveit, en um 1964 urðu menn hennar fyrst varir og virðist hún dafna vel í þessu friðarins landi.

Þessar gömlu skógargötur, sem við röltum eftir geyma mikla sögu, því um þær fóru áður fyrr allir þeir, sem þurftu að fara yfir Skeiðarárjökul fótgangandi eða með hesta, þegar Skeiðará var ófær. En það skeði oft. Að fara með hesta yfir jökulinn þurfti þekkingu, áræði og kjark. Nú er sú tíð liðin.

Brátt ber okkur að Morsárdalnum og að göngubrúnni yfir ána. Þessi brú er mikil samgöngubót. Áður þurftu menn að vaða ána, sem gat verið nokkur farartálmi sökum vatnsmagns, kulda og sandbleytu. Nú hefur þeim trafala verið rutt úr vegi.

Bæjarstaðaskógur er beint framundan og tökum við stefnuna á hann. Hann er einn af hávöxnustu skógum hér á landi, en þeirra minnstur að flatarmáli. Það er sérkennileg tilfinning, sem grípur ferðamanninn, þegar hann, eftir að hafa gengið eftir hinum ljósu gróðurvana aurum Morsárdalsins, veltir sér í mjúkum mosanum í

Bæjarstaðaskógi og finnur ilminn úr frjóum sverðinum. Yfir höfði hans gnæfa trén, 8-10 m á hæð með gilda stofna, greinar þeirra og blöð bærast fyrir vindinum, en grænt grasið og litfögur blómin, þetta “foldarskart” gleður augað í sinni látlausu fegurð. Þá er erfitt að standa aftur á fætur.

Bæjastaðarskógur er í vesturhlíðum Morsárdals og teygir sig nokkuð upp eftir brekkunum. Fyrir nokkrum árum vofði eyðilegging yfir skóginum sökum uppblásturs og viðarhöggs. En til allrar hamingju var honum bjargað fyrir tilstuðlan framsýnna og viturra manna. Nú fær hann að vaxa í friði og er sýnilegt að sú friðun ber ávöxt. En merki um hættuna miklu sjást enn í efri jaðri skógarins. Þar hefur hinn þykki jarðvegur fokið burt, og blásið og bert grjótið blasir við. Þar standa trjáræturnar naktar út úr gróðurtorfunum en trén halda sér fast í þann jarðveg sem eftir er.

Dvölin í Bæjarstaðaskógi ætti að vera öllum lærdómsrík og vekja menn til umhugsunar um þá skuld sem þjóðin á vangoldna við landið.

Áður fyrr var byggð í Morsárdal og meðfram Jökulfellinu. Þar stóð bær sem hét Jökulfell og vitað er, að þar var heimiliskirkja á 14.öld. Rústir af þessum bæ sáust fram undir aldamótin 1800. Telja menn að þær hafi staðið nokkuð fyrir framan skógarjaðarinn, en fyrir nálega tveimur öldum flæddi Skeiðará þar yfir og gróf þær undir aur og leðju. Kannske verða þær einhvern tímann grafnar upp.

Eftir dágóða stund í Bæjarstaðaskógi ganga flestir út með Jökulfellinu að upptökum Skeiðarár. Það er stórkostleg sjón að sjá ána brjótast fram undan jökulsporðinum. Að vísu er mismikið vatn í ánni, en í sumarhitunum er mikill vöxtur í ánni. Þá þeytast vatnsstrókarnir hátt í loft upp, kolgráir og hrollvekjandi. En fara skal hér um með mikilli gát, því undir gráum aurnum á bakkanum, kann að leynast hætta, glerháll ís, sem veitir litla fótfestu sé á hann stigið

Degi er tekið að halla og mál að halda heimleiðis. Við göngum sömu leið til baka þakklát fyrir þennan góða dag.

Að þessu sinni verða ekki fleiri pistlar um Skaftafell, en þar er enn margt ókannað. Heill dagur fer í að ganga inn í Kjósarbotn og að Morsárjökli og skoða jökullónið sem þar er. Það er mál margra, að Kjósinn og Kjósarbotninn séu fegurstu staðirnir í þjóðgarðinum sökum stórbrotins landslags og mikillar litadýrðar. Og ekki má gleyma að skoða gilin heima hjá bænum, Austaragil og Bæjargil. Þar leynast margar perlurnar, fossarnir, gróðurinn svo nokkuð sé nefnt.

Það er ekki of mælt, að ef skoða eigi þjóðgarðinn í Skaftafelli að nokkru gagni, að ætla því verki heila viku. Og samt verður eitthvað eftir.

(Mbl 12. júní 1982)